

# Lög

um breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989,  
lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993,  
ábúðarlögum, nr. 80/2004, og lögum um búfjárhald, nr. 103/2002  
(niðurlagning Hagþjónustu landbúnaðarins).

## I. KAFLI

### Breyting á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

1. mgr. orðast svo:  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.
2. mgr. fellur brott.
- Í stað orðanna „starfi Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: framkvæmd þessara laga.
- Í stað orðanna „henni er heimilt að afla sér“ í 3. mgr. kemur: aðila sem sinnir verkefnum með heimild í 3. gr. a er heimilt að afla sér.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- Í stað orðanna „Hlutverk Hagþjónustu landbúnaðarins er“ kemur: Ráðherra skal hlutast til um hagþjónustu í landbúnaði sem hefur svofellt hlutverk.
1. tölul. orðast svo: Að annast hagrannsóknir í landbúnaði, eftir atvikum í samstarfi við stofnanir sem sinna sambærilegri starfsemi. Áhersla skal lögð á rannsóknir og úrvinnslu gagna sem nýtast við hagrænar leiðbeiningar til bænda og rannsóknir sem gagnast við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda.
- 2., 3., 5. og 6. tölul. falla brott.

#### 3. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Yfirstjórn.**

#### 4. gr.

II. kafli laganna fellur brott.

## 5. gr.

Við lögina bætist nýr kafli, II. kafli A, **Framkvæmd hagþjónustu landbúnaðarins**, með einni grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að gera samning um framkvæmd verkefna samkvæmt lögum þessum við Landbúnaðarháskóla Íslands eða aðra háskóla og Hagstofu Íslands eða aðra hæfa aðila.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Orðin „og skulu þær hafa hliðsjón af viðmiðunargjaldskrá Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „Hagþjónusta landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: Aðili sem sinnir verkefnum með heimild í 3. gr. a.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ kemur: samkvæmt lögum þessum.
- b. Orðin „og skulu greiðslurnar vera samkvæmt viðmiðunargjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur“ falla brott.

## 8. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

## 9. gr.

Í stað orðanna „Stjórn og starfsmönnum Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 9. gr. laganna kemur: Þeim sem sinna verkefnum samkvæmt þessum lögum með heimild í samningi skv. 3. gr. a.

## 10. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

## 11. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun hagþjónustu landbúnaðarins.

## 12. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um hagþjónustu landbúnaðarins.**

## II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.**

## 13. gr.

Í stað orðanna „forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 8. mgr. 7. gr. laganna kemur: aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.
- b. Í stað orðanna „Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Aðili skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.
- c. Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 3. mgr. kemur: aðila skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

## III. KAFLI

**Breyting á ábúðarlögum, nr. 80/2004.**

15. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.**

16. gr.

Í stað orðanna „Hagþjónustu landbúnaðarins“ í 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: aðila skv. 3. gr. a laga nr. 63/1989, um hagþjónustu landbúnaðarins.

## V. KAFLI

**Gildistaka.**

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Störf hjá Hagþjónustu landbúnaðarins eru lögð niður frá og með 1. janúar 2012. Ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn, eftir því sem við á.

---

*Samþykkt á Alþingi 10. júní 2011.*

